

hann þá að hefja alla innstæðuna og fær þá greidda þá vexti af henni, sem reiknaðir eru af almennum sparisjóðsbókum hverju sinni, en verðtrygging fellur niður.

- XI. Reikningar við Viðlagasjóð, skv. reglum þessum, geta lengst verið til fimm ára talið frá 1. október 1973, sbr. þó lokaákvæði VII. liðs. Að þeim tína liðnum, er Viðlagasjóði eða þeim er hann hefur falið að annast afgreiðslu reikninganna, heimilt að leggja alla innstæðuna inn á bankabók á nafni reikningseiganda og loka reikningnum, hefji eigandi ekki sjálfur innstæðuna.
- XII. Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til skv. reglum þessum, með mótvirði þeirra ríkisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum nr. 11 frá 29. mars 1974, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga 68/1971.
- XIII. Afgreiðsla fyrir reikningana verður bæði í Reykjavík og Vestmannaeyjum, skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins.
- XIV. Allt andvirði verðtryggðra reikninga færist á reikning í nafni ríkissjóðs vegna Viðlagasjóðs við Seðlabankann og verður mótvægi skulda sjóðsins við bankann. Á móti fær Viðlagasjóður skuldabréf ríkissjóðs, sem gefið verður út á grundvelli laga nr. 11 frá 29. mars 1974.
- Vextir og vísitölubætur færist á vaxtabúskap ríkissjóðs.
- XV. Bókhald um verðtryggða reikninga færist hjá Seðlabankanum.
- XVI. Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. gr. laga nr. 11 frá 29. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. apríl 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt.

1. gr.

1. mgr. 7. li. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjarleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960, sbr. II. kafla laga nr. 10/1974, öðlast gildi hinn 1. júní 1974.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.